

Lykill að lífi

Svanur Kristjánsson skrifar um Landssöfnun Kiwanis – Lykil að lífi

ALVARLEGIR geðsjúkdómar koma inn í líf fólks eins og fellibylur sem skellur á fyrirvaralaust og skilur eftir sig eyðileggingu, örvæntingu og sorg. Tilveran gjörbreytist. Ekkert er né verður sem áður. Hamingja og heilsa manna eru samofin. Heilbrigður einstaklingur á sér margar óskir, hinn sjúki og hans nánustu aðeins eina.

Fyrr á tímum var geðsjúkum og aðstandendum þeirra nánast úthýst af samfélaginu. Stundum ráðlagði fagfólk meira að segja aðstandendum að yfirgefa sjúka ættingja sína til að bjarga sjálfum sér og öðrum í fjölskyldunni því ekkert væri hvort sem er hægt að gera – geðsjúkdómar væru því sem næst ólæknandi.

Í dag vitum við betur. Þekking á orsökum geðsjúkdóma er að sönnu enn afar takmörkuð en samt er ljóst að samstillt átak sjúklingsins sjálfs, aðstandenda, vina og fagfólks skilar árangri, stundum undraverðum.

Hið óbærilega getur orðið bærilegt. Að vísu ekki alla daga, langt í frá, en vonin getur vaknað að nýju. Og svo er bara að þrjúka. Sálarþrek og starfsgeta skipta mestu máli, vonandi lengjast góðu stundirnar og tími martraðanna styttist.

Sem aðstandandi geðfatlaðs einstaklings og kennari ungra manna og kvenna veit ég líka, að fordómar samfélagsins gagnvart geðsjúkum fara minnkandi. Umræðan er orðin opnari, skömmin minni og nærgætnin meiri. Geðsjúkir verða hins vegar að treysta á mannúð og kærleika samferðamanna sinna. Hjálparlaust geta þeir ekki brotist út úr einangrun sinni og fjötrun.

Saga Íslendinga geymir andartök þegar þjóðin hefur öll sameinast um að láta gott af sér leiða og stendur saman gegn hörmungum og sjúkdómum. Skemmst er að minnast baráttunnar gegn „Hvíta dauðanum“, berklaveikinni. Á okkar tímum er m.a. tekist á við krabbamein og hjartasjúkdóma.

Ég er þess fullviss að næsta stóra verkefnið í heilbrigðismálum okkar

ÞSaga Íslendinga geymir andartök þegar þjóðin hefur öll sameinast um að láta gott af sér leiða og stendur saman gegn hörmungum og sjúkdómum.¶

Íslendinga verða forvarnir gegn geðsjúkdómum ásamt umönnun og endurhæfingu geðsjúkra. Kiwanishreyfingin hefur í 30 ár stutt við bakið á geðsjúkum og samtökum þeirra. Dagana 7.–10. október fer fram landssöfnun Kiwanishreyfingarinnar til stuðnings geðsjúkum undir kjörorðinu „Lykill að lífi“. Af-rakstur söfnunarinnar rennur til tveggja brýnna verkefna. Annars vegar til samtakanna Geðhjalpar til að nýta upplýsingataeknina í því skyni að rjúfa einangrun geðsjúkra, einkum á landsbyggðinni. Hins vegar til að styrkja starfsemi barna- og unglingageðdeildar Landspítala –háskólasjúkrahúss.

Sýnum öll stuðning við geðsjúka í verki. Kaupum lykil að lífi.

Höfundur er prófessor við Háskóla Íslands og stjórnarmaður í Geðhjalp.



Svanur Kristjánsson